

Athugasemdir stjórnar Veiðifélags Árnesinga við þingsályktunartillögu iðnaðarráðuneytisins um vernd og nýtingu orkuauðlinda

I. Um Veiðifélag Árnesinga

Stjórn Veiðifélags Árnesinga er skipuð sjö mönnum og eru þeir svæðisbundnir fulltrúar og tala því máli allra landeigenda en hátt á þriðja hundruð jarðir eru í félaginu. Vatnasvið veiðifélagsins er stórt og má m.a. annars nefna að innan þess eru árnar Ölfusá, Hvítá, Sogið, Stóra- og Litla-Laxá, Brúará og Tungufljót.¹ Fjölbreyttir og stórir laxfiskastofnar hafa þróast í gegnum aldirnar og taldir af vísindamönnum vera mjög viðkvæmir þar sem lífríkið hefur þurft að aðlaga sig við kaldar aðstæður á Norðurlóðum. Hér er að finna flestu og stærstu laxastofna Íslands og eiga þeir sameiginlegt að þurfa allir að ganga í gegnum fyrirhugað virkjunarstæði bæði á leið sinni til og frá sjó. Aðalfundur Veiðifélags Árnesinga 2011 fól stjórn félagsins að mótmæla fyrirhugaðri virkjun og leita leiða til að koma í veg fyrir að af að henni verði.² Öllum skynsömum mönnum má vera ljóst að óforsvaranlegt er að virkja neðst á vatnasvæðinu og standa félagsmenn allir sem einn og stjórn Veiðifélag Árnesinga saman um að ekki megi stefna lífríkinu í hættu með virkjun á þessum stað.

II. Samræmist að flokka virkjun í Ölfusá við Selfoss forsendum flokkunar í rammaáætlun?

Eins og fram kemur á vefnum www.rammaaaetlun.is var ekki við því að búast að það yrði einfalt eða auðvelt verk að leggja mat á og flokka virkjunarkosti á Íslandi. Snýr það bæði að aðferðarfræði og hversu takamarkaðar upplýsingar liggja víða fyrir. Á vefnum kemur fram að eftirfarandi sé markmið rammaáætlunar:

„Markmið Rammaáætlunarinnar er að leggja mat á og flokka virkjunarkosti, jafnt vatnsafls og háhita, meðal annars með tilliti til orkugetu, hagkvæmni og annars þjóðhagslegs gildis, samhliða því að skilgreina, meta og flokka áhrif þeirra á náttúruferla, náttúru- og menningarminjar svo og á hagsmuni allra þeirra sem nýta þessi sömu gæði. Með þessu móti sé lagður grundvöllur að forgangsstöðun virkjunarkosta með tilliti til þarfar þjóðfélagsins hvað varðar atvinnustarfssemi, varðveislu náttúrugæða, styrkingu landsbyggðar og hagsmuna allra þeirra sem nýta þessi sömu gæði með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.“

Ölfusárvirkjun við Selfoss er sett í biðflokk. Þrátt fyrir að fátæklegar upplýsingar liggi fyrir um þennan virkjunarkost og áhrif hans telur stjórn Veiðifélags Árnesinga að nægar upplýsingar hafi legið fyrir eða mátt liggja fyrir svo Selfossvirkjun yrði sett í verndarflokk. Byggir þetta á að hverskonar stífla eða þrenging í Ölfusá á fyrirhuguðum stað skapar óhjákvæmilega flóðahættu og aðeins spurning um hvenær Ölfusá muni flæða og stefna fólki við og neðan fyrirhugaðrar stíflu í bráða lífshættu. Einnig telur stjórnin að mönnum megi vera það ljóst að núverandi þekking og tækni getur ekki tryggt göngufiski og seiðum för upp og niður ána við virkjunina enda um vatnsmestu jökulá landsins að ræða. Staðsetning virkjunarinnar er neðst á vatnasvæðinu og leiðir til þess að stærstu laxfiskastofnum Íslands

¹ Samantekt Veiðimálastofnunar fyrir Selfossveitur um vatnakerfi Ölfusár, dags. nóvember 2011. Fylgir með athugasemdum virkjunaraðila við rammaáætlun, bls. 1-3.

² Fundargerð aðalfundar Veiðifélags Árnesinga

verður stefnt í óforsvaranlega hættu og hugsanlega útrýmingu eins og víða hefur gerst ofan stíflna á Íslandi og í öðrum löndum.³

Sérstaða þessarar virkjunar liggur í því að hún er neðst á miklu vatnasvæði og neikvæð áhrif hennar á lífríkið gætu fyrir vikið orðið þau mestu sem dæmi eru um fram að þessu í heiminum í seinni tíð. Það sem hefur bjargað stofnum í öðrum löndum frá útrýmingu er að sterkir stofnar hafa verið til staðar í hliðarám þar sem áhrifa virkjana hefur ekki gætt. Hér er því ekki til að dreifa þar sem virkjunin er neðst á vatnasvæðinu.⁴

Stjórn Veiðifélags Árnesinga er ljóst að mikið vantaði upp á að nægar upplýsingar lægju fyrir svo flokka mætti þennan virkjunarkost af öryggi svo það kom út af fyrir sig ekki á óvart að hann hafi verið settur í biðflokk af þessari ástæðu. Ekki verður hins vegar horft fram hjá því að 5 af 11 ákváðu að nægar forsendur væru fyrir hendi til að setja virkjunina í nýtingarflokk. Stjórnin krefst að farið verði ofan í saumana á því og það verði upplýst hvernig það atvikaðist að fimm manns gátu komist að þessari niðurstöðu. Er mikilvægt að það verði upplýst þar sem svo lítill munur gæti hæglega haft áhrif á afstöðu Alþingis þegar tillögurnar koma til kasta þess. Virkjuaraðilinn, Selfossveitur/Sveitarfélagið Árborg, hafa t.d. þegar lagt mikið upp úr þessum litla mun og munu án efa reyna að afla málinu aukins fylgis svo nýtingarflokkur verði fyrir valinu í meðförum Alþingis.

Vakin hefur verið athygli undirritaðs á að virkjunaraðilinn hafi mikið reynt að hafa áhrif á þá sem komu að rammaáætlun sem og reynt að afla virkjuninni fylgis með ómálefnanlegum hætti enda skautað fram hjá hættueiginleikum hennar og ofuráhersla lögð á hagkvæmni virkjunarinnar og arðsemi án þess að tilraun sé gerð til að leggja fram gögn með útreikningum sem sýna fram á þetta. Telur stjórn Veiðifélags Árnesinga að ekki sé hægt að una við það að 5 af 11 manns telji að flokka skuli Selfossvirkjun í nýtingarflokk og verði það ekki upplýst í meðförum málsins hverju það sæti þá áskilur stjórnin sér rétt til að leita leiða innan stjórnsýslunnar eða eftir atvikum dómstóla til að fá upplýsingar um hvað hafi búið að baki þeirri ákvörðun. Lögð er áhersla á að upplýsa þetta því að þegar málið kemur til kasta Alþingis þá verður hver og einn alþingismaður að gera upp við sjálfan sig hvernig beri að flokka Selfossvirkjun og ekki nægir þá að láta áróður fyrirsvarsmanna virkjunarinnar villa sér sín eða slaka á í kröfum um að málið sé nægjanlega upplýst. Hér á eftir verður gerð grein fyrir augljósustu hættunum sem að mati stjórnar Veiðifélags Árnesinga ætti að leiða til þess að þingmenn sem og aðrir sjá að ekki sé forsvaranlegt að virkja Ölfusá við Selfoss.

Komi ekki til þess að Selfossvirkjun verði flutt yfir í verndarflokk krefst stjórn Veiðifélags Árnesinga a.m.k. þess að virkjunin verði áfram í biðflokki þar til frekari rannsóknir og upplýsingar liggja fyrir.

III. Hvaða hagsmunir eru í húfi ef virkjað verður?

Þar sem það er stjórn Veiðifélag Árnesinga sem gerir þessar athugasemdir verður fyrst fjallað um þá hættu sem lífríkinu og þá sérstaklega laxfiskum stafar af virkjuninni. Síðar mun verða fjallað um flóðahættu sem tengist líka seiðabúskapi árinna en fyrst og fremst leiðir í ljós að glórulaust er að virkja á þessum stað virði menn mannlíf á annað borð einhvers.

1. Lífríkið.

³ Samantekt Veiðimálastofnunar fyrir Selfossveitur um vatnakerfi Ölfusár, dags. nóvember 2011. Fylgir með athugasemdum virkjunaraðila við rammaáætlun, bls. 5.

⁴ Linn Melin, *Potentially conflicting interest between Hydropower and the European Unions Water Framework Directive*, Lund University 2010, bls. 18 (kafli 2.6.1.).

Eins og rakið er í samantekt Veiðimálastofnunar fyrir virkjunaraðila sem fylgir athugasemdum virkjunaraðila við rammaáættun eru laxfiskastofnar svæðisins fjölbreyttir. Að lögum ber Veiðifélagi Árnesinga að tryggja að náttúrulegum stofnum svæðisins verði ekki stefnt í hættu og hlutverk þeirra nánar skýrt í lax – og silungsveiðilögum og Fiskræktarlögum. Hefur félagið reynt að gæta þess að hóflega sé veitt og gert ráðstafanir gegn erfðablöndun og sjúkdómahættu. Verði af virkjun við Selfoss er það skoðun stjórnar Veiðifélags Árnesinga að óþarfi sé að hafa áhyggjur af framangreindum þáttum því útrýming stofnanna sem félagið hefur gert allt til að vernda fram að þessu er líkleg enda engin þekkt ráð til að koma þeim til og frá heimkynnum sínum enda stíflan staðsett rétt við sjó neðst á nokkur hundruð kílómetra fiskvegi svæðisins.

Athugasemdir þessar eru fyrst og fremst gerðar til að koma í veg fyrir að laxfiskastofnum svæðisins verði ekki stefnt í hættu. Það eru hagsmunir sem ekki verða metnir til fjár og verða því ekki mældir við eina markmið virkjunaraðila að afla fjár fyrir Sveitarfélagið Árborg sem er eitt af mörgum sveitarfélagum á svæðinu. Þess skal getið að mörg af öðrum sveitarfélögum á svæðinu hafa lagst gegn virkjunaráformum þessum. Skylt er að vernda þessa hagsmuni þjóðarinnar enda eiga stofnar sem þróast hafa hér í gegnum aldirnar óskoraðan tilverurétt. Hér má ekki blanda saman að sumir eigi meiri rétt en aðrir til að nýta þessa stofna enda er verndun stofnanna aðalatriðið. Á vefnum um rammaáættun er umfjöllun um alþjóðlegar skuldbindingar Íslendinga til að vernda lífríkið og hér að framan hafa verið nefnd sérlæg um vernd laxfiska. Útilokað er að virkjunaráform í Ölfusá við Selfoss samræmist þessum skuldbindingum. Eins og rakið verður hér á eftir er allt óljóst um arð- og gagnsemi virkjunarinnar og því fráleitt að fyrir liggja hagsmunir sem rýmt gætu út hagsmunum okkar af óspilltri náttúru.

Stjórn Veiðifélags Árnesinga vekur athygli á að rétturinn til að veiða verður heldur ekki metinn til fjár og er það bæði réttur rétthafanna sjálfra til að veiða í net og á stöng sem og gesta þeirra. Virkjunaraðilinn hefur gert mikið úr því að Stangveiðifélag Selfoss hafi tekið jákvætt undir virkjunaráform. Hvað sem til er í því vill stjórn Veiðifélags Árnesinga koma því á framfæri að Stangveiðifélag Selfoss sem og önnur stangveiðifélög eru ekki félagsskapur veiðiréttarhafa að lögum heldur félagsskapur manna sem gerir sér vonir um að mega veiða hjá þeim sem eiga réttinn. Verður sérstaklega vikið að því hér á eftir að ekkert samráð hefur verið haft við Veiðifélag Árnesinga sem er réttbær aðili að lögum og félagsmenn eiga alla beinu hagsmunina af því að veiði verði stunduð í framtíðinni. Virkjunaraðilinn boðaði símleiðis við formann félagsins fund með eins dags fyrirvara og er það eina samráðið sem haft hefur verið við félagið af hans hálfu. Nánari umfjöllun um þetta er að finna í meðfylgjandi athugasemdum félagsins til Orkustofnunar við rannsóknarleyfi virkjunaraðila.

Vernd laxfiska og rétturinn til að veiða skiptir mestu þegar athugað er áhrif virkjunar en eru hagsmunir sem ekki verða metnir til fjár. Hætta er því fyrir hendi að menn geri lítið úr þessum hagsmunum sérstaklega þegar fyrst og fremst er talað fyrir virkjuninni á forsendum um arðsemi. Veitt er á stöng og í net á svæðinu og m.a. veiðirétthafar haft af þeim góðar tekjur eða arð. Ekki liggur fyrir hvað tekjurnar eru miklar en hlaupa án efa á hundruðum milljóna. Ef þessar tekjur af veiði eru bornar saman við óraunhæfar og óröstuddar vonir virkjunaraðila um arð má sjá að varla þurfi að líta til framangreindra og mikilvægari sjónarmiða til slá virkjunaráform út af borðinu. Áformin falla um sjálf sig við einfaldan samanburð á árlegum arði sem þegar er til staðar og arfsvon virkjunaraðilans.

Í umsögn Veiðimálastofnunar er gerð grein fyrir að virkjunaraðilinn ætli sér að kaupa upp netaveiðirétt jarða og aðallega til þess að þá geti sá lax óhindrað gengið upp og veiðst ofan við virkjunina. Stjórn Veiðifélags Árnesinga vekur athygli á að óheimilt er skv. lögum um lax- og silungsveiði að skilja veiðirétt frá jörðum og því áform sveitarfélagsins og reyndar líka sömu

áform Landsvirkjunar í Þjórsá ólögleg.⁵ Ekki verður heldur séð hvaða tilefni sé til að kaupa upp þennan rétt ef stíflan kemur ekki til með að valda tjóni á laxfiskastofnunum. Öllum má ljóst vera að tilgangurinn er að þagga niður í hagsmunaaðilum með slíkum uppkaupum og fegra tjónið sem af virkjununum mun leiða. Er full ástæða til að hefja opinbera rannsókn á þessum ólögsmætu áætlunum fyrirsvarsmanna sveitarfélagsins Árborgar og Landsvirkjunar.

Stjórn Veiðifélags Árnesinga hefur miklar áhyggjur af því hversu lítið er tekið tillit til verndunar fiskistofna í tengslum við virkjanir og óskar eftir því við þá sem taka ákvarðanir um Selfossvirkjun að þeir horfi ekki framhjá hversu mikilvægt er að vernda lífríkið og láta ekki arðsvon villa sér sýn á hvaða hagsmunir skulu ráða úrslitum þegar vegnir eru saman hagsmunir með og á móti Selfossvirkjun. Enginn getur sagt með vissu hvað muni gerast við virkjun Ölfusár og því alltaf óvissa og náttúran á klárlega að njóta vafans. Fyrir utan þetta liggur fyrir að virkjun hefur í för með sér lífshættu og útrýmingu laxfiskanna auk þess að þá hverfur allur arður af veiði.

Veiðimálastofnun hefur lagt fram greinargerðir um áhrif virkjunarinnar og mótvægisáðgerðir. Það sem veikir samantekt stofnunarinnar um mótvægisáðgerðir er að ekki kemur fram nægjanleg útlistun á reynslu þeirra í framkvæmd og hvort ekki séu sérstakar aðstæður í Ölfusá við Selfoss þannig að núverandi þekking gagnist ekki sem skyldi. Hugsanlega sé ekki tekið tillit til þess að Ölfusá er jökulá og sú vatnsmesta á Íslandi og erfitt að bera saman áðgerðir til bjargar laxfiskum í öðrum ám við væntanlegar björgunartilraunir í Ölfusá. Þá hafa göngustofnar dáið út fyrir ofan stíflur bæði hér og í öðrum löndum. Í samantekt Veiðimálastofnunar er vikið að ýmsum neikvæðum áhrifum virkjunarinnar og tekur stjórn Veiðifélags Árnesinga undir það.

Fjallað er um laxastiga í tillögum stofnunarinnar. Ekki er hins vegar fjallað um að laxastigar geta í besta falli hjálpað tilteknum laxfiskum svo sem löxum og urriða og aðeins af tiltekinni stærð. Þá gagnast þeir aðeins fiski á leið sinni upp ána.⁶

Það er álit stjórnar Veiðifélags Árnesinga að ekki hafi verið sýnt fram á að til séu lausnir sem líklegar eru til að tryggja leið laxfiska til og frá heimkynnum sínum. Er niðurstaða Veiðimálastofnunar um að líklega verði hægt að koma fiski upp fyrir mannvirki virkjunar í miklu ósamræmi við reynslu frá öðrum löndum og í ám sem ekki eru jökulár og enn minni líkur á að seiði komist klakkaust niður ána. Þetta álit forstjóra Veiðimálastofnunar getur ekki samrýmt hlutleysi stofnunarinnar og dregið í efa að hann fylgi vísindalegum aðferðum. Ef af virkjun verður er líklegast að um algert hrún verði á stofnum árinna og um óafturkræft tjón verði að ræða. Í samantekt Veiðimálastofnunar fyrir virkjunaraðilanna sem fylgdi athugasemdum hans er tekið dæmi frá Columbiafljótsins í Bandaríkjunum til stuðnings mótvægisáðgerðum. Því er best svarað með því að vísa til glæra Margaret J. Filardo R.H.D í tilefni af erindi hennar um áhrif stífla í Háskólabíói 03.11.2011⁷ Tekur stjórn Veiðifélags Árnesinga undir það sem kemur fram í greinargerð Guðna Guðbergssonar, fiskifræðings hjá Veiðimálastofnun, fyrir faghóp II í Rammááætlun að fyrir utan að sleppa því að virkja sé eina

⁵ Samantekt Veiðimálastofnunar fyrir Selfossveitur um vatnakerfi Ölfusár, dags. nóvember 2011. Fylgir með athugasemdum virkjunaraðila viðrammaáætlun, bls. 5. Glærur Helga Jóhannessonar verkefnastjóra á þróunarsviði Landsvirkjunar í tilefni af fundi í Háskólabíói dags. 03.11.2011 - www.ssf.hi.is

⁶ Linn Melin, Potentially conflicting interest between Hydropower and the European Unions Water Framework Directive. Lund University 2010. Kafli 3. Bls 26 og áfram

⁷ www.ssf.hi.is – Glærur Margaret j. Filardo

líklega leiðin til að tryggja að laxastofnar verði ekki fyrir miklu tjóni er að hafa stífluna opna frá í apríl og rennsli óhindrað fram í október.⁸

Vekur stjórn Veiðifélags Árnesinga athygli á því að Veiðimálastofnun vinnur nú fullum fetum með virkjunaraðila að mótvægisáðgerðum án þess að upplýsa eða hafa samráð við Veiðifélag Árnesinga og veiðréttareigendur. Í athugasemdum virkjunaraðilans við ramma-áætlunina frá því fyrr í dag er fjallað um umhverfisvænar lausnir. Engin lýsing á hugmyndum, engin vísindleg umfjöllun eða reynsla af nefndum útbúnaði. Reynsla og rannsóknir sýna líka allt annað.⁹

2. Lífshætta

Reynslan hefur kennt m.a. landeigendum við ána að Ölfusá má ekki við neinni fyrirstöðu og þrátt fyrir að engin fyrirstaða sé í ánni í dag af mannavöldum þá flæðir hún samt reglulega. Ítarleg gögn liggja fyrir um risaflóð í ánni í gegnum tíðina og hefur áin m.a. flætt með mikilli íshrönn yfir hluta Selfoss, og á Skeiðum og Flóanum eftir því sem stífla hefur myndast. Er ekki nokkur vafi á að þessi framkvæmd muni leiða til mikilla hamfara og ísstífla veldur því að allt vatn árinna, sem er vatnsmesta á landsins, mun leita úr farvegi sínum og bera laxaseiði með sér og drepa svo ekki sé minnst á hvaða áhrif slíkt flóð muni hafa á Selfossi og byggð fyrir neðan stífluna. Mat á flóðahættu á samt að mæta afgangi við undirbúning virkjunarinnar og er ekki hægt að horfa fram hjá ábyrgðarleysi umsækjanda sem kjósa að tala um að áhrif virkjunarinnar á flóðahættu séu „hverfandi“.¹⁰

⁸ Guðni Guðbergsson, Draft fyrir faghóp II í Rammáætlun.

⁹ Sjá m.a. *Dams and development. A new framework for decision-making*. The Report of the World Commission on Dams, November 2000. Þar segir m.a. á bls. 82.

The Glomma and Laagen Case Study reports that there are 34 fish passes on the 40 dams in this Norwegian basin. Of these only 26% work with 'good efficiency,' 41% work less well, and as many as 32% are not working at all. In general, the efficiency is considered low, and fish migrations are severely affected.

Þá kemur einnig fram að breyta verði öllum fiskastigum til að mæta þörfum hverrar tegundar og aðstæðum í hverri stíflu og hér sé ekki um tækni sem auðvelt sé hægt að yfirfæra. Sjá http://hqweb.unep.org/dams/WCD/report/WCD_DAMS%20report.pdf

Sjá einnig Patrick McCully and Susanne Wong: Powering a sustainable future: The role of large hydropower in sustainable development, International Rivers Network. Prepared for the UN Symposium on Hydropower and Sustainable Development, Beijing, China, October 27-29, 2004.

<http://www.internationalrivers.org/files/irnbei.pdf>

Þar segir m.a. á bls. 4

One of the starkest examples of the difficulties with mitigation is the effort to restore fisheries in the western United States. Since 1996, the US government has spent about \$435 million annually to mitigate the impacts of dams on fisheries in the Columbia River basin. These efforts have relied on water releases, hatchery programs, and collection and transport of salmon around the dams. Despite this enormous expense, many of the wild salmon stocks in the region are either extinct or on the brink of extinction

Um mjög takmarkaða virkni stiga sjá jafnframt Jackson og Marmulla, "The influence of dams on river fisheries" í *Dams, fish and fisheries. Opportunities, challenges and conflict resolution*. FAO 2001, bls. 26.

Að því er varðar staðsetningu stíflna þá er bent á Ledec og Quinterio, *Good Dams and Bad Dams*.

Environmental Criteria for Site Selection of Hydroelectric Projects. The World Bank Latin America and Caribbean Region. Environmentally and Socially Sustainable Development Department (LCSES) en þar m.a. segir á bls. 25 að val á staðsetningu hafi úrslitaáhrif þegar kemur að því að draga úr umhverfisáhrifum og almennt sé það ráðlegast í efri hluta ár en mest vandamál rísa ef stíflur eru reistar í meginám (neðrihluta).

¹⁰ Umsókn virkjunaraðila um rannsóknarleyfi til Orkustofnunar.

Þeir sem hafa orðið vitni af klakastíflum leyfðu sér ekki að tala svona og er líklegt að umsækjendur hafi einmitt enga reynslu eða þekkingu á hvernig Ölfusá hagar sér. Í asahláku þá riður áin snjóalögum og ís ofan af hálendinu og niður allt vatnasvæðið sem er nokkurhundrað kílómetrar að lengd. Án fyrirstöðu af mannavöldum gerist það reglulega að hrönnin strandar og kílist upp í margra metar hátt ísstál, samansett af lagnaðaris og hrönninni sem hún ber með sér, sem leiðir það til þess að allt vatn árinna leitar úr farvegi sínum með og án ísjaka eftir atvikum. Engin maður með réttu ráði lætur sér detta í hug að auka hættuna á að þetta gerist fyrir ofan þéttbýlið á Selfossi. Engu að síður er fullyrst að hætta á flóðum sé „hverfandi“ í umsókn.

Á Íslandi er í undirbúningi innleiðing á tilskipun Evrópuþings og ráðsins 2007/60/EG um athuganir og varnir gegn vatnsflóðum. Hvað Ísland varðar tekur tilskipunin í fyrsta lagi til lögbundinnar skyldu vegna kortlagningar vatnsflóða og hlaupaeða mats á flóðahættu en slík skylda hefur ekki verið til staðar, iðru lagi til þess að fyrir liggja upplýsingar um flóð og flóðahættu, t.d. þegar teknar eru ákvarðanir um landnotkun og viðbragðsáætlanir og í þriðja lagi til þess að hægt sé að varavið flóðum og fylgjast með framgangi þeirra með vöktunarmælum. Ákvæði í íslenskum skipulagslögum og reglugerðum er áfátt að þessu leyti.¹¹

Samkvæmt niðurstöðum nýrrar rannsóknar á vatnasviði Ölfusár nýtist rennsli á vatnshæðarmalistað ekki vel við kortlagningu á flóðahættu því umfang og mörk flóða sem vera af jakastíflum er einkum háð staðsetningu og eðli þeirra þar sem þær myndast á ákveðnum svæðum á vatnasviði Hvítár-Ölfusár. Í rannsókninni kemur fram að kortlagning á flóðahættusvæðum er nákvæmust þegar unnið er ítarlegt hermilíkan af stærstu jakastíflufloðum fyrri tíma þar sem þau veiti góðar upplýsingar um umfang og dýpt stærstu flóða. Þá leiðir af rannsókn á viðhorfi íbúa að skilningi á flóðahættu er ábótavant og sýnir þörf á betri upplýsingamiðlun á afleiðingum flóða sem verða af völdum jakastíflna, en stór hluti fólks áttar sig hvorki á uppruna flóðanna né umfangi.¹²

Það er fróðlegt að fylgjast með á hvaða forsendum virkjunaraðili kys að tala fyrir virkjuninni. Hamrar hann á mikilli arðsemi hennar en lætur hjá líða að taka til athugunar hvort virkjun geti stefnt lífi manna og skepna í hættu. Kemur þetta ekki á óvart þar sem fólk vill ekki heyra um að það sé verið að setja það í bráða lífshættu en að sama skapi verður að telja að aðferðarfræði virkjunaraðila sé ógeðfæld í meira lagi.

Virkjunarðili er í algerrri afneitun á flóðahættunni og reynir að vinna virkjuninni brautargengi á grundvelli arðsvonar. Þrátt fyrir ofuráherslu virkjunarðila á arðsvon hefur hann ekkert lagt fram um arðsútreikninga. Sjá meðfylgjandi spurningar landeigenda og svör virkjunaraðila við þeim. Fyrst það á að velja á arðinum hvort virkjað verði þá hlýtur að mega gera þær kröfur að útreikningar liggja fyrir svo meta megi hvað sé til í yfirlýsingu um árlegan 800.000.000 króna hagnað sveitarfélagsins. Virkjunarðilinn sendi fyrr í dag athugasemdir sínar við rammaáætlun þessa og eins og búast mátti við er fjallað um arðsemi án þess að fylgi útreikningar eða gögn og því orðin tóm.

Er stjórn Veidifélags Árnesinga fullviss um að virkjunin skapi mikla flóðahættu og aðeins verði tímaspursmál hvenær áin getur ekki rutt sig við stífluna. Að auki skapar stíflan nagandi óvissu um hvenær flóð skelli á og munu íbúar við og neðan við stíflu búa við það. Það litla

¹¹ Pagneux, Emmanuel, *Floods in the Ölfusá basin, Iceland: A geographic contribution to the assessment of flood hazard and management of flood risk*, Faculty of Life and Environmental Sciences, University of Iceland 2011, bls. 1. Sjá einnig umsögn Orkustofnunar dags. 29. apríl 2008.

¹² Sama heimild, sbr. ágríp á íslensku fremst í rannsókninni.

sem vitað er um stíflumannvirkið er að stífla á gjánna í farvegi árinna, gert er ráð fyrir stöplum í miðri ánni og milli þeirra eiga koma lokur sem hægt verður að hleypa ánni í gegnum þegar þess er talin þörf á. Síðan er gert ráð fyrir að það komi brú yfir stífluna fyrir bílaumferð og virkjunaraðili leggur mikla áherslu á hvað sparist mikið við það. Í viljayfirlýsingu Vegagerðarinnar kemur fram að með þessu sé búið að kippa forsendum undan öllum útreikningum hennar vegna brúar sem ekki var hönnuð sem hluti af stíflu.¹³ Í henni var ekki gert ráð fyrir stöplum heldur að um hengibrú yrði að ræða. Er ekki tilviljun að Vegagerðin ætlaði sér ekki að þrengja að ánni í gjá farvegarins enda um augljóst hættuspil að ræða. Fyrirhuguð stífla er því með þröskuldi auk stólpa og ánni með jakahrönninni ætlað að fara þar í gegn ef virkjunaraðili opnar lokurnar. Þeir sem þekkja til þeirra afla sem fylgja hlaupum með jakahrönn vita að þetta er glapræði og hrönnin mun stranda við virkjunina þrátt fyrir opnar lokur. Þessi hönnun er nánast barnaleg í augum þeirra sem til þekkja. Fyrir ofan stífluna minnar síðan straumur árinna og sandur hleðst upp og jökulleir. Með tímanum mun því hætta að að áin stíflist enn ofar við virkjunina aukast með aukinni hættu fyrir íbúa þar. Einnig mun lónið valda því að lekt hraunið mun flytja vatn úr lóninu og bleyta nærliggjandi sveitir. Vakin er athygli á þeirri miklu hættu sem fylgir því að reisa stíflu á mesta jarðskjálftasvæði landsins.

IV. Aðrar virkjanir á félagssvæði Veiðifélags Árnesinga.

Í rammaáætlun er vikið að nokkrum örðum virkjunarkostum á félagssvæði Veiðifélags Árnesinga. Enn ófullkomnari gögn liggja fyrir um þá kosti en Selfossvirkjun og því sjálfgert að leggja gegn slíkum virkjunarhugmyndum. Jafnframt má ætla að mörg framangreind rök og sjónarmið eigi við um þá virkjunarkosti.

Fylgigögn:

1. Athugasemdir Veiðifélags Árnesinga til Orkustofnunar í tilefni af rannsóknarleyfi, dags. 2 og 10 nóvember 2010.
2. Spurningar tveggja landeigenda til virkjunarðila, dags. 07.6.2011. (Svör virkjunarðila orðrétt sömu og texti athugasemda við rammaáætlun)

Kaldaðarnesi, 11. nóvember 2011.

f.h. stjórnar Veiðifélags Árnesinga í sérstöku umboði aðalfundar

Jörundur Gauksson, formaður,
Kaldaðarnesi, 801 Selfossi.
S: 892-0372

¹³ Viljayfirlýsing Vegagerðarinnar, dags. 18.02.2011.

Bæjarstjórn Árborgar

Austurvegur 2

800 Selfoss

Undirritaðir landeigendur við Ölfusá óska eftir svörum fyrirsvarsmanna Selfossveitna og bæjarstjórnar Árborgar við eftirfarandi spurningum. Mikilvægt er að það verði gert með ítarlegum og rökstuddum hætti þar sem framkvæmd sem þessi kæmi til með að hafa mikil áhrif á náttúru landsins auk beinna og óbeinna áhrifa á hagsmuni íbúa sveitarfélaganna á vatnasvæði Ölfusár og Hvítár, m.a. vegna laxveiðihlunninda, flóðahættu og óvissu um arðsemi og kostnað. Með ítarlega rökstuddum svörum má ætla að við getum betur áttað okkur á umfangi og stöðu málsins, hver verði næstu skref og hver sé afstaða þeirra sem bera ábyrgð á virkjunaráformum þessum og undirbúningi.

1. Hagkvæmni, arðsemi og fjármögnun.

- A. Yrði virkjun Ölfusár við Selfoss hagkvæm með tilliti til fallhæðar?
- B. Er líklegur stofnkostnaður vatnsvéla og rafala hagstæður með tilliti til orkuframleiðslu og fallhæðar samanborið við aðrar vatnsaflsvirkjanir?
- C. Hvað gögn liggja fyrir um arðsemi fyrirhugaðrar virkjunar, þ.e. mat á tekjum, stofn- og rekstrarkostnaði?
- D. Á hvern hátt kæmi mjög skuldsett sveitarfélag til með að geta fjármagnað milljarða framkvæmd?
- E. Hvernig yrði eignarhaldi virkjunarinnar háttáð?
- F. Hvernig yrði virkjunin fjármögnuð?
- G. Hvaða tryggingar yrðu lagðar fram við fjármögnun?
- H. Hvert myndi meintur arður af virkjuninni renna?

2. Í kynningu Eiríks Bragasonar á fundi með bæjarráði og veitustjórn hinn 9. október 2010 er virkjunin talin umhverfisvæn og sama haldið fram í grein Eypórs Arnalds í Dagskránni 24. mars 2011.

- A. Hvernig getur virkjun Ölfusár verið umhverfisvæn?
- B. Hver er Eiríkur Bragason?

3. Tómas Ellert Tómasson, stjórnarmaður í Selfossveitum, ritar eftirfarandi í greininni “Selfossbær, Selfossbær... er mér kær!” í Sunnlenska fréttablaðinu þann 19.12.2010:

*“Ljóst er að fjölmörg tækifæri munu skapast í samfélaginu í námunda við virkjunina...
... Má þar þá helst nefna aukna atvinnusköpun, aukningu í ferðamennsku, fræðslu um lífríki árinna og auknar tekjur í sveitarsjóð...”*

- A. Hver eru hin fjölmörgu tækifæri sem talið er að muni skapast í samfélaginu með virkjun Ölfusár?
- B. Hvaða fræðslu er átt við? Um lífríkið eins og það var fyrir virkjun eða um tjónið sem virkjunin olli á lífríkinu?

4. Landsréttindi og vatnsréttur.

- A. Á sveitarfélagið vatnsréttinn á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði?
- B. Ef ekki hvert er áætlað eignarhlutfall Árborgar í vatnsréttinum?
- C. Á sveitarfélagið allt það land sem framkvæmdir yrðu á, t.d. vegir, stíflur, skurðir, göng?
- D. Ef sveitarfélagið er ekki eigandi þessara eignarréttinda hver er þá áætlaður kostnaður við kaup á þeim eða eignarnám?

5. Rammaáætlun.

- A. Hvað segir um þennan virkjunarkost í rammaáætlun og umsögnum rýnihópa?
- B. Hvaða þýðingu hefur rammaáætlun almennt og hvaða þýðingu hefur hún sérstaklega við undirbúning virkjunar í Ölfusá að mati Selfossveitna og bæjarstjórnar Árborgar?

6. Rannsóknarleyfi Selfossveitna.

- A. Hvert er efni rannsóknaráætlunar, hvenær skal hefja rannsókn og hvenær skal henni vera lokið?
- B. Hvað hefur verið ákveðið að verja miklum fjámunum til rannsókna á þáttum sem tilteknir eru í umsókn um rannsóknarleyfið?
- C. Hverjum hefur verið falin rannsókn á þáttum samkvæmt rannsóknaráætlun?

7. Umhverfismat.

- A. Liggur fyrir ákvörðun um að fara eigi í umhverfismat?
Ef svo er hver er verkáætlun Selfossveitna varðandi rannsóknir-, umsagnir og gagnaöflun fram að því að gerð yrði tillaga að matsáætlun?
- B. Eru fyrirleggjandi upplýsingar og þekking á áhrifum virkjunar á lífríki vatnasvæðis Ölfusár og Hvítár ekki næg til þess að falla þegar frá áformum um virkjun?

8. Fundir.

Í gögnum málsins og blaðagrein Eypórs Arnalds í Dagskránni fimmtudaginn 24. mars eru taldir upp fjölmargir aðilar sem fundað hefur verið með.

- A. Hvað fór fram á þessum fundum?
- B. Hafa þessir aðilar látið frá sér eitthvað skriflegt?

Selfossi, 7. júní 2011

Jón Árni Vignisson, Selfossi III

Jörundur Gauksson, Kaldaðarnesi

Orkustofnun

Harpa Þórunn Pétursdóttir, lögfræðingur

Orkugarði, Grensásvegi 9

108 Reykjavík

Kaldaðarnesi, 10. nóvember 2010.

Efni. Viðbótarathugasemdir Veiðifélags Árneseinga við umsókn Selfossveitna bs um rannsóknarleyfi.

Í tilefni af bréfi Veiðifélags Árneseinga, dags. 2. nóvember 2010, veitir Orkustofnun í svarbréfi, dags. 8. nóvember 2010, veiðifélaginu tækifæri að að gera athugasemdir við umsókn Selfossveitna um rannsóknarleyfi.

Erfitt er að gera athugasemdir við jafn fátæklega umsókn og að mati stjórnar veiðifélagsins er útilokað að það komi til greina af hálfu Orkustofnunar að veita rannsóknarleyfi á grundvelli hennar og þeirra gagna sem með henni fylgja. Málið er greinilega lítt hugsað og ber umsóknin t.d. með sér að engin grunnathugun hefur farið fram á flóðahættu. Þegar af þeirri ástæðu eru ekki lagalegar forsendur til þess að veita rannsóknarleyfi enda gera lög nr. 57/1998 ráð fyrir því að fyrir liggja gögn sem beri með sér helstu grunnþætti fyrirhugðrar virkjunar. Umsóknin ber með sér að skrá eigi lífríki í ánni og rannsóknarsvæðið afmarkað á fylgiskjali nr. 3 með umsókn. Slík rannsókn á laxfiskastofnum árinna hefur engan tilgang nema að rannsóknin taki til alls vatnasvæðisins enda m.a. um göngufisk og seiði að ræða sem eru ýmist á leið sinni upp ána eða niður. Er það lýsandi dæmi um vinnubrögð og þekkingu þeirra sem sækja um rannsóknarleyfið að hægt sé að slíta þetta afmarkaða svæði úr samhengi við aðra hluta vatnasvæðisins og sýnir mikilvægi þess að veiðiréttarhafar og Veiðifélag Árneseinga verði haft með í ráðum frá upphafi við hvað eigi og hvernig haga beri rannsóknnum verði á annað borð það óheillaskref tekið að heimila rannóknir yfirleitt. Í umsókn er tekið fram að laxastigar muni valda óverulegu raski á göngum upp ána og tillit verði tekið til göngu seiða niður ána t.d. með seiðaveitum og hagkvæmu vali á vélasamstæðum. Engin útlistun og engin gögn eru lögð fram þessum fullyrðingum til stuðnings og kemur það ekki á óvart því þegar liggur fyrir byggt á rannsóknnum, reynslu og þekkingu að engin viðunandi lausn er til og bæði göngufiskur, seiði og hrygningastöðvar munu skaðast við virkjun árinna. Að framan var minnst á flóðahættu og hefur reynslan kennt m.a. landeigendum við ána að Ölfusá má ekki við því neinni fyrirstöðu og þrátt fyrir að engin fyrirstaða sé í ánni í dag af mannavöldum þá flæðir hún samt reglulega. Er ekki nokkur vafi á að þessi framkvæmd muni leiða til mikilla hamfara og ísstífla veldur því að allt vatn árinna, sem er vatnsmesta á landsins, mun leita úr farvegi sínum og bera laxaseiði með sér og drepa svo ekki sé minnst á hvaða áhrif slíkt flóð muni hafa á Selfossi. Mat á flóðahættu á samt að mæta afgangi við undirbúning virkjunarinnar og er ekki hægt að horfa fram hjá ábyrgðarleysi umsækjanda sem kjósa að tala um að áhrif virkjunarinnar á flóðahættu séu „hverfandi“. Þeir sem hafa orðið vitni af klakastíflum leyfðu sér ekki að tala svona og er líklegt að umsækjendur hafi einmitt enga reynslu eða þekkingu á hvernig Ölfusá hagar sér. Í asahláku þá riður áin snjóalögum og ís ofan af hálendinu og niður allt vatnasvæðið sem er nokkurhundrað kílómetrar að lengd. Án fyrirstöðu af mannavöldum gerist það reglulega að hrönnin

strandar og kílist upp í margra metar hátt ísstál sem leiðir það til þess að allt vatn árinna leitar úr farvegi sínum. Engin maður með fullu ráði lætur sér detta í hug að auka hættuna á að þetta gerist fyrir ofan þéttbýlið á Selfossi. Engu að síður er fullyrt að hætta á flóðum sé „hverfandi“ í umsókn.

Þar sem stjórn veiðifélagsins mótmælir því að veitt verði rannsóknarleyfi telur hún rétt að vekja athygli á fleiri atriðum en snúa beint að félaginu í þeirri von að hægt verði að vinda ofan af þessari vitleysu sem fyrst og koma þannig í veg fyrir þessi virkjunaráform. Í umsókn er tekið fram að tilgangurinn með rannsóknarleyfi sé að „Meta umhverfisáhrif virkjunar, umhverfismat“, án þess að það sé tilgreint nánar og kallar þetta á skýringar af hálfu Selfossveitna. Einnig kemur fram að tilgangurinn sé að meta hagkvæmni virkjunarinnar en bæjarstjórnarmenn hafa upplýst um það í fjölmiðlum að gera megri ráð fyrir að þessi. 10.000.000.000 kr. framkvæmd eigi að skila allt að 1.000 milljónum króna í hagnað á ári. Hefði umsækjanda verið í lófalagið að láta gögn og útreikninga fylgja til að upplýsa aðila betur um málið og hverjir eigi að vera eigendur að því einkahlutafélagi sem framkvæmdarstjóra sveitarfélagsins hefur verið falið að stofna. Skýra hvernig eigi að fjármagna virkjunina og hver hlutur fjárfesta eigi að vera en það hefur áhrif á hvert umtalaður hagnaður muni renna. Er þeirri aðferðarfræði mótmælt sem umsækjandi og bæjarfulltrúar viðhafa að fara leint með forsendur þessa máls sem varða íbúa sveitarfélagsins svo miklu og því einnig mótmælt að trúnaður eigi að ríkja um samskipti Veiðifélags Árnesinga og Orkustofnunar. Fer stjórn veiðifélagsins fram á það við Orkustofnun að hún endurskoði túlkun sína á tilvitnuðu lagaákvæði og staðfesti að gögn málsins fram að útgáfu rannsóknarleyfis séu ekki bundin trúnaði og einmitt nauðsynleg hagsmunaaðilum og almenningi til þess að geta fylgst með og haft áhrif á framvindu þessa máls.

Komi það til álita af hálfu Orkustofnunar að veita rannsóknarleyfi þá krefst Veiðifélags Árnesinga að þess verði gætt að áður liggja fyrir viðhorf veiðiréttarhafa og þeim verði kynnt öll gögn sem liggja til grundvallar í málinu.

Að örðu leyti er vitnað til bréfs veiðifélagsins frá 2. nóvember 2010.

F.h. Veiðifélags Árnesinga,

Jörundur Gauksson, formaður,

Kaldaðarnesi,

801 Selfossi.

Samrit sent:

1. Ástu Stefánsdóttur, framkvæmdarstjóra, sveitarfélagsins Árborgar
2. Sigurði Guðjónssyni, forstjóra Veiðimálastofnunar
3. Árna Ísakssyni, forstöðumanns lax- og silungsveiðisviðs Fiskistofu

Orkustofnun

Harpa Þórunn Pétursdóttir, lögfræðingur

Orkugarði

Grensásvegi 9

108 Reykjavík

Kaldaðarnesi, 2. nóvember 2010.

Í tilefni af áformum sveitarfélagsins Árborgar að virkja Ölfusá við Selfoss vill undirritaður, f.h. Veiðifélags Árnesinga, koma eftirfarandi á framfæri við Orkustofnun.

Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdarstjóri sveitarfélagsins Árborgar, boðaði stjórn Veiðifélags Árnesinga á kynningarfund um virkjunaráform sveitarfélagsins fimmtudaginn 23. september sl. Gerði hún það síðdegis þriðjudaginn 21. september í síma við undirritaðann og ætlaðist því til að ég boðaði stjórnarmenn á fundinn með eins dags fyrirvara. Stjórn veiðifélagsins er skipuð fulltrúum landeiganda af öllu vatnasvæði Hvítár og Ölfusár og þrátt fyrir skamman fyrirvara tókst félaginu að senda fulltrúa sinn en flestir voru búnir að ráðstafa tíma sínum með öðrum hætti. Kom undirritaður á framfæri við Ástu mótmælum við þessum skamma fyrirvara en ekki þótti sveitarfélaginu ástæða til þess að fresta fundi og standa betur að kynningu þessarar meiriháttar framkvæmdar. Á kynningarfundinum kom síðan fram að athugun á þessari virkjun var á byrjunarstigi og yfirleitt lágu engin gögn fyrir eða mjög fátækleg um þá þætti sem umsókn um rannsóknarleyfi skal byggja á lögum samkvæmt. Kemur það því stjórn veiðifélagsins á óvart að óskað hafi verið eftir rannsóknarleyfi í tengslum við þessa virkjun. Stjórn veiðifélagsins telur útilokað að það ítarleg gögn geti nú legið fyrir Orkustofnun að skilyrði séu fyrir því að stofnunin geti veitt slíkt leyfi. Ef eingöngu er minnst á þætti sem snúa að veiðifélaginu þá vita stjórnarmenn t.d. ekki til þess að veiðiréttarhöfum hafi verið gefinn kostur á að tjá sig um þessi áform af hálfu sveitarfélagsins og Orkustofnun hefur ekki gefið veiðiréttarhöfum eða Veiðifélagi Árnesinga tækifæri á að tjá sig um umsókn sveitarfélagsins. Það liggur því fyrir að sveitarfélagið og Orkustofnun hafa ekki lagt fram nein gögn til kynninga á þessum áformum þrátt fyrir að veiðiréttarhafar og Veiðifélag Árnesinga hafi þar beinna hagsmuna að gæta. Er það lágmarkskrafa að strax frá upphafi sé samráð haft við þá sem eiga beinna hagsmuna að gæta og þeir fái tækifæri til þess að koma á framfæri viðhorfum sínum um hvað beri að rannsaka og hvernig skuli haga rannsóknum. Engin framkvæmd getur haft jafn mikil áhrif á viðgang laxastofna og hagsmuni veiðiréttareigenda og virkjun á þessum stað og verður að vera hægt að treysta því að Orkustofnun taki ekki af sömu léttúð á málum og sveitarfélagið gerir og gæti þess að ekki verði slakað á þeim ríku kröfum sem lög nr. 57/1998 gera til málsmeðferðar við umsókn og útgáfu rannsóknarleyfis.

Að lokum lýsir stjórn Veiðifélags Árnesinga því yfir að hún leggst alfarið gegn þessum áformum um virkjun þegar af þeirri ástæðu að virkjunin mun leiða til þess að skaða varanlega og með óafturkræfum hætti þá tugi laxastofna sem eru á leið til sinna heimkynna á 300 km vatnasvæði Hvítár

og Ölfusár. Bæði mun hún eyðileggja fiskveginn sem tugþúsunda laxfiska eiga rétt á að fara um óhindrað eftir árpúsunda þróun og aðlögun sem og þau hundruða þúsunda seiða sem eiga rétt á að ganga til sjávar óhindrað. Engin viðunandi lausn er t.d. til hvernig eigi að tryggja að seiðin komist í gegnum lónið og síðan lifandi í gegnum virkjunina.

Komi það til álita af hálfu Orkustofnunar að veita rannsóknarleyfi þá krefst Veiðifélags Árnesinga að þess verði gætt að áður liggi fyrir viðhorf veiðiréttarhafa og þeim verði kynnt öll gögn sem liggja til grundvallar í málinu.

F.h. Veiðifélags Árnesinga,

Jörundur Gauksson, formaður,

Kaldaðarnesi,

801 Selfossi.

Samrit sent:

1. Ástu Stefánsdóttur, framkvæmdarstjóra, sveitarfélagsins Árborgar
2. Sigurði Guðjónssyni, forstjóra Veiðimálastofnunar
3. Árna Ísakssyni, forstöðumanns lax- og silungsveiðisviðs Fiskistofu